

## Tölvubréf frá umhverfis og skipulagssviði til íbúaráðs Kjalarness dags. 21.11.2019

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi Mógilsár á Kjalarnesi birtist í Fréttablaðinu í dag. Tillagan er í kynningu frá 21. nóvember 2019 til og með 6. janúar 2020. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð. <https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/kjalarnes-mogilsa-1>

**Kjalarnes, Mógilsá**, breyting á deiliskipulagi.

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 6. nóvember 2019 og borgarráði Reykjavíkur þann 14. nóvember 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Mógilsár og Kollafjarðar. Í breytingunni felst að byggingarreit A er hliðrað til vesturs vegna legu fornleifa á svæðinu, reitur Þ1 er stækkaður til vesturs svo að reitur A falli allur innan svæðisins eftir færsluna, heimilt byggingarmagn á reit A er aukið og skilmálum um leyfilega þjónustu breytt. Auk þess verða B-rými sem eru ekki inni í heildartölu byggingarmagns og bætt er við ákvæði um að leyfa gististarfsemi á svæðinu. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá 21. nóvember 2019 til og með 6. janúar 2020.** Einnig má sjá tillöguna á vefnum, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is), **skipulag í kynningu.** Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is), eigi síðar en 6. janúar 2020.** Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.